

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 49.fundar verkefnahóps BsVest, fundurinn var haldinn þann 29. maí 2015 kl:10:00-16:15 á Patreksfirði.

Mættar voru: Margrét Geirsdóttir, Ísafjarðarbæ, Elsa Reimarsdóttir, Vesturbyggð, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Bolungarvík, María Játvarðardóttir, Strandabyggð og Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest, sem einnig ritaði fundargerð.

1. Framkvæmdaráætlun

Hugmyndir um ákveðna þætti framkvæmdaráætlunar. Verkefnastjóri leggur til að félagsmálastjórar taki framkvæmdaráætlunina aftur upp á sínu svæði.

2. Notendaráð.

Verkefnahópur telur styrk í að hafa eitt notendaráð með sjö manns frá Vestfjörðum. Rætt um að hafa mögulegt notendaráð.

Verkefnastjóra falið að kanna kostnað við notendaráð og hvernig greiðslur varðandi notendaráð eru.

3. Sviðsmynd af neyðaráætlun BsVest.

Staða BsVest er þannig að gatið á milli áætlaðra framlaga jöfnunarsjóðs 2015 og áætlun BsVest 2015, er orðið það stórt að útilokað er að viðhalda lögbundna þjónustu án þess að til komi verulegt framlag sveitarfélaganna.

Bókun:

Verkefnahópur telur að ekki verði gengið lengra í hagræðingu án þess að stofna lífsgæðum og öryggi fatlaðs fólks í hættu, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, að auki verður svæðið að geta brugðist við meiri þjónustuhörf og nýjum þjónustunotendum, sem ekki er hægt að gera eins og staðan er í dag, nema sveitarfélög taki á sig verulegan kostnað.

4. BsVest-dagar í haust

- a) Dagur með stjórn og verkefnahóp
Verkefnastjóra falið að setja niður fundartíma fyrir snertifund og kalla saman fund í ágúst n.k..
Meðal annar sem þörf er á er SIS mats fræðslu (ekki sögulegt yfirlit) frá Greiningarstöð og Jöfnunarsjóð.
- b) Starfsdagur fyrir starfsmenn í málaflokk fatlaðs fólks.
Starfsdagurinn sem var haldin síðasta haust heppnaðist vel, verkefnastjóra falið að koma með hugmyndir af starfsdegi.
 - a) Ráðstafanir varðandi nauðung og þvingun
 - b) Einstaklingsáætlun.
 - c) Heildarsýn yfir þarfir fólks.
 - d) Valdefling, sagan um málefni fatlaðs fólks.

5. Endanlegt útsvar 2015.

Verkefnastjóri leggur fram endanlegt útsvar 2015 til kynningar.

6. Kostnaðargreining einstaklinga.

Margrét Geirsdóttir félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar, kynnir kostnaðargreiningu Ísafjarðarbæjar. Vinnan er kominn langt á leið.

7. Ársskýrsla 2014.

Verkefnastjóri minnti á skil á ársskýrslu fyrir árið 2014.

8. Sumarfrí verkefnastjóra.

Verkefnastjóri kynnti sumarfrí sitt

22-26 júní

13-19 júlí

27-31 júlí

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest